


SKÓLASTEFNA

Bláskógabyggðar



Starf leik- og grunnskóla Bláskógabyggðar einkennist af jafnrétti allra nemenda. Hverjum einstaklingi á að skapa námsskilyrði þannig að hann geti á eigin forsendum þroskast og dafnað. Markmið hvors skólastigs er að útskrifa sjálfstæða, lífsglaða einstaklinga reiðubúna til frekara náms.

Skólinn er undirbúningur fyrir framtíðina, því er lögð áhersla á að efla og styrkja sjálfsþekkingu nemenda á þann hátt að þeir þroski með sér frumkvæði og sköpunarkraft þannig að þeir geti í framtíðinni tekist á við margbreytilegar aðstæður í daglegu lífi.

Nemendur, starfsfólk og foreldrar eru ein liðsheild. Því er mikilvægt að í daglegu starfi einkennist samskipti þessara einstaklinga af virðingu fyrir hverjum og einum, jákvæðni og miklum metnaði til að ná sem bestum árangri.

Nám og kennsla

Hlutverk skólanna er að stuðla að þroska, velferð og menntun hvers og eins. Leitast er við að efla nemendur í sjálfstæðri hugsun og hæfni til að leysa verkefni, bæði sjálfstætt og í samvinnu við aðra með jákvæðu viðhorfi.

Skólar í Bláskógabyggð:

- Stuðla að einstaklingsmiðuðu námi og að einstaklingsnámskrá sé lögð til grundvallar þegar um skilgreind frávik er að ræða.
- Stuðla að fjölbreyttum, skapandi og hvetjandi námsháttum og að kennslu sé hagað í samræmi við það.
- Leggja metnað sinn í fjölbreytt og lýsandi námsmat til hagsbóta bæði fyrir nemendur og foreldra.
- Stuðla að markvissri samfellu og raunhæfum tengslum á milli skólastiga.



Nemendur

Nemendur skulu búa við námsumhverfi sem mótast af lýðræðislegri þátttöku, virðingu, samhug og gleði.

- Áhersla er lögð á að efla siðferðisvitund nemenda, færni, ákvarðanatöku og sjálfstæði í hugsun.
- Skólarnir leggja áherslu á markvissa samvinnu milli nemenda óháð aldri.
- Áhersla er lögð á hvers konar forvarnarstarf sem unnið er í samráði við félagsmálayfirvöld, heilsugæslu og lögreglu.
- Skólarnir skulu skapa tækifæri fyrir nemendur til að taka þátt í skipulögðu félags- og tómstundastarfi.



Starfsfólk

Bláskógabyggð leitast við að hafa starfsmenn skólanna hæfa, vel menntaða og áhugasama. Einnig að starfsmenn búi við góða vinnuaðstöðu og fjölskylduvæna starfsmannastefnu.

Bláskógabyggð leggur áherslu á:

- Að starfsfólk skólanna sé faglært.
- Skýra starfsmannastefnu.
- Virka endur- og símenntunaráætlun.
- Að starfsmenn skólanna sinni þróunarstarfi og nýjungum á virkan og markvissan hátt og hvatt er til líkamlegrar- og andlegrar vellíðunar starfsfólks, þannig að gagnkvæm virðing, jákvæðni og kurteisi sé viðhöfð.
- Að starfsmenn beri virðingu fyrir og eigi jákvæð, markviss og góð samskipti við heimilin.
- Að stjórnendur séu virkir og leiðandi en um leið tilbúnir til að dreifa ábyrgð og efla samstarf. Þeir séu hvetjandi og byggi þannig upp sjálfstraust starfsmanna svo árangur þeirra aukist.



Heimilin

Bláskógabyggð leggur ríka áherslu á öflugt samstarf milli heimila og skóla. Samstarf byggt á trúnaði, gagnkvæmri virðingu og trausti. Samvinna og samráð milli heimila og skóla er forsenda farsæls skólastarfs, jafnframt því sem virk þátttaka foreldra í námi barna sinna hefur tvímælalaust áhrif á námsárangur og þroska.

- Nám er samstarfsverkefni heimila og skóla.
- Skólarnir eiga ávallt að standa foreldrum opnir og skal veita greinargóðar upplýsingar um nám og starf, sérstaklega við innritun nýnema.
- Foreldrar eru hvattir til að taka virkan þátt í skólastarfinu. Viðburðir tengdir einstaka námshópum eru sameiginlegt verkefni nemenda, foreldra og skóla.
- Heimanám í grunnskóla skal setja fram miðað við getu og þarfir hvers nemanda og er um leið samstarfsverkefni heimila og skóla.
- Heimasíða grunn- og leikskóla skal vera virk og notendavæn.
- Skólarnir skulu leggja sig fram um að styðja foreldra til samstarfs um hagsmuni nemenda.



Grenndarsamfélagið

Bláskógabyggð leggur mikla áherslu á að kynna nemendum sérstöðu og einkenni umhverfisins, s.s. náttúrufar, sögu og menningu. Nemendur skulu með markvissum hætti kynntir fyrir land- og jarðfræði svæðisins ásamt sögunni jafnframt því að fræða þá um störf fólks og atvinnumöguleika í nánasta umhverfi.

- Nemendur skulu fræddir um náttúruperlur samfélagsins um leið og náttúruvernd og sérstaða náttúrunnar í samfélaginu er kynnt og tengd almennu námi í skólanum.
- Jafnan sé leitað leiða til að nám fari að hluta til fram utan veggja skólans, t.d. með samstarfi við aðrar stofnanir, s.s. með heimsóknum í mennta- og menningasetur samfélagsins.
- Skólarnir skulu miðla til samfélagsins á sem aðgengilegastan hátt upplýsingum um það sem er að gerast í skólanum hverju sinni.
- Skólarnir skulu stefna að því að sem mest af aðföngum þeirra komi úr grenndarsamfélaginu.
- Skólarnir séu í góðu sambandi við þau félagasamtök sem eru starfandi í sveitarfélaginu t.d. ungmennafélögin, björgunarsveitirnar, hestamannafélögin og fleiri félög.
- Stuðla að góðu samstarfi við skóla í nágretta sveitarfélögum.



Aðbúnaður

Bláskógabyggð vill leggja sig fram um að reka góða skóla sem uppfylla kröfur og taka mið af þörfum nemenda og starfsfólks um húsnæði, aðstöðu, búnað og skólalóðir og stuðlar jafnframt að vellíðan og heilbrigði.

Þetta skal m.a. sjást í:

- Fjölbreyttu námsumhverfi í öllum þáttum starfsins, s.s. varðandi húsnæði, húsbúnað og tæki sem jafnan standast kröfur tímans og uppfylla um leið öll öryggisskilyrði.
- Verkum nemenda sem skulu vera sýnileg og gert hátt undir höfði.
- Jákvæðum og mannbætandi staðblæ.
- Fjölbreyttum, góðum og öruggum skólalóðum sem hvetja til útiveru og hreyfingar.
- Vel skipulögðum skólaakstri sem hefur öryggi og velferð barnanna að leiðarljósi.
- Fjölbreyttum, sveigjanlegum og samfelldum vinnudegi, ásamt frístundastarfi tengdu skóladeginum.



Lýðheilsa og forvarnir

Lýðheilsustarf miðar að eflingu og viðhaldi heilbrigðis nemenda og starfsfólks með forvarnarstarfi og ábyrgðarfullri hugsun. Mikilvægt er í þessu sambandi að skólarnir leggi áherslu á hreyfingu, útivist og útikennslu í sem flestum námsgreinum og starfi skólanna almennt.

- Bláskógabyggð leggur áherslu á líkamlega og andlega vellíðan til að efla félagsfærni, sjálfsmynd og ábyrgð nemenda á eigin störfum.
- Bláskógabyggð leggur, til samræmis við manneldismarkmið Lýðheilsustöðvar, áherslu á að nemendum og starfsfólki standi til boða hollur og næringaríkur matur á skólatíma.
- Bláskógabyggð leggur áherslu á samstarf við HSU og Vinnuvernd hvað varðar heilbrigða lífnaðarhætti nemenda og starfsfólks skólanna.

Skólafélag Bláskógabyggðar var unnið í kjölfar skólafélags sem haldið var 30. mars 2011. Þátttakendur á skólafélaginu voru nemendur, kennarar, foreldrar og annað áhugafólk um skólafélag leik- og grunnskóla sveitarfélagsins.

Í skólafélaginu eru dregnar fram þær áherslur sem samfélagið vill að einkenni skólafélag Bláskógabyggðar. Hún lýsir þeim þáttum sem stefnt er að og veitir stuðning við ákvarðanatöku og forgangsriðun. Með skólafélaginu gefst tækifæri til þess að meta framgang skólafélagsins og stuðla að umbótum.

Skólafélaginn er síendurtekið ferli markmiðssetningar, mats og umbóta.

Nánar um skólafélag Bláskógabyggðar:

www.blaskogabyggd.is